

Föstudaginn 19. október 1990.

Nr. 265/1990. **Nikulás Friðrik Magnússon**

gegn

Hermundi J. Guðmundssyni og

Helga Friðriki Guðmundssyni.

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Umboð. Lögræði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur til Hæstaréttar með kæru 22. júní 1990. Krefst hann þess, að dóminum verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Samkvæmt upplýsingum sóknaraðila er Magnús B. Pálsson nú látinn.

Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi fengið þvílíkt umboð frá föður sínum til að annast um fasteign hans, að það geri honum kleift að höfða mál þetta í nafni föðursins vegna leigu á fasteigninni. Af þeim sökum og með vísan til þess, er í héraðsdómi segir um málaltilbúnað sóknaraðila, ber samkvæmt 20. gr., sbr. 3. gr. lögræðis laga nr. 68/1984, og með hliðsjón af 5. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur, að staðfesta dóminn.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur er staðfestur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. júní 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefndu 11. maí sl., höfðaði Nikulás Friðrik Magnússon, kt. 131045-3019, Háteigsvegi 24, Reykjavík, f.h. Magnúsar B. Pálssonar, kt. 191112-7099, Skipholti 9, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 20. júní 1989, gegn Hermundi J. Guðmundssyni, kt. 191258-3209, Álftamýri 23, Reykjavík, og Helga

Friðriki Guðmundssyni, kt. 250660-7749, Álftamýri 23, Reykjavík, báðum persónulega og f.h. óskráðs sameignarfélags þeirra, Rafeindavers, kt. 640984-0749, Álftamýri 23, Reykjavík (skráð einkafirma Hermundar J. Guðmundssonar).

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu húsaleiguskuldar, að fjárhæð kr. 228.000, með [nánar tilgreindum vöxtum]. Jafnframt er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, sbr. l. nr. 54/1988.

Stefndu krefjast aðallega frávisunar málsins, en til vara, að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, og þrautavara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega.

Þess er krafist, að Nikulás Friðrik Magnússon verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ, en til vara meintur stefnandi.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

Frávisunarkrafa stefndu er hér til úrlausnar.

— — —

Undir rekstri málsins hafa verið lagðar fram yfirlýsingar á dskj. 16, undirrituðu af Ragnheiði Þ. Nikulásdóttur, og dskj. 17, undirrituðu af Ragnheiði Þ. Nikulásdóttur, Rögnu Þyri Magnúsdóttur, Guðnýju Eddu Magnúsdóttur, Önnu Stefaniú Magnúsdóttur og Sigurði Péturssyni. Í þessum yfirlýsingum segir m.a., að húseignin Skipholt 9 í Reykjavík sé eign þeirra Magnúsar Pálssonar og konu hans, Ragnheiðar Þyri Nikulásdóttur. Ekki hefur þó verið lagt fram veðbókarvottorð varðandi húseignina, en samkvæmt málátilbúnaði stefnanda er Magnús B. Pálsson eigandi húsæðisins.

Við flutning málsins var upplýst, að Magnús Pálsson væri sjúklingur, en hann hefði ekki verið sviptur lögræði. Veikindi Magnúsar veita ekki syni hans, Nikulási Magnússyni, aðildarhæfi eða umboð fyrir Magnús Pálsson, sbr. 20. gr. 1. nr. 68/1984 og 3. gr. sömu laga. Sama er um eiginkonu og önnur börn Magnúsar.

Eftir atvikum þykir rétt að líta einnig til málátilbúnaðar af hálfu stefndu. Í greinargerð á dskj. 13 eru talin upp sem framlögð gögn greinargerðin, nr. 14, aðilaskýrsla og nr. 15, ljósrit úr ársreikningum Digitalvara hf. ásamt undirgögnum. Dómskjal 14 er skjal, sem er tæpar 4 blaðsíður, undirritað með fjórum nöfnum, en vélrituð eru nöfn sjö einstaklinga; af þeim geta einungis 2 verið aðilar. Dskj. 15 er þannig, að af því verður alls ekki séð, hvers konar skjal er um að ræða. Þarna er eitt ljósrit af útsrikaðri og undirstrikaðri síðu, sem gæti verið úr einhverju bókhaldi, annað ljósrit af, að því er virðist, samlagningarstrimli með niðurstöðutölunni 518.219.3 (sic), en

á fyrr talda ljósritinu voru sérstaklega merktar tölurnar 524.739 og 60.914. Þessu dómskjali fylgir svo samtals 51 nóta eða reikningar, allt sundurlaust.

Þegar allt það er virt, sem hér hefur verið rakið, þykir bera að vísa máli þessu frá dómi og fella málskostnað niður.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.
